



Íslenski hlutabréfamarkaðurinn lækkaði verulega í maí


Íslenski hlutabréfamarkaðurinn lækkaði um 9,9% í maí og var það töluvert meiri lækkun en á hlutabréfamörkuðum í helstu viðskiptalöndunum. Öll félögin á aðallista íslensku Kauphallarinnar lækkuðu í verði. Eftir að hafa náð ákveðnu lágmarki í kringum stýrivaxtahækkun í Bandaríkjunum í byrjun maí hækkuðu allir hlutabréfamarkaðir helstu viðskiptalanda fram að maílokum. Íslenski markaðurinn hélt hins vegar áfram að lækka til loka mánaðarins.

Lækkunin á félögunum á OMX-markaðnum í Kauphöllinni í maí lá á nokkuð víðu bili, eða 2,6-20,3%. Mest var lækkunin á hlutabréfum Icelandair sem lækkuðu um rúman fimmtung. Erfitt er að greina eitthvað ákveðið mynstur hvað varðar hvernig félög voru að lækka í verði og virðist sem lækkunin hafi endurspeglað almennan titring meðal fjárfesta. Sjávarútvegsfélögin tvö, Brim og Síldarvinnslan, voru í hópi þeirra félaga sem lækkuðu einna minnst. Brim lækkaði minnst allra félaganna, eða um 2,3%, en Síldarvinnslan lækkaði um 7,5% og lækkuðu 15 af samtals 20 félögum á aðallistanum meira en Síldarvinnslan. Arion banki og Íslandsbanki lækkuðu einnig lítið en Arion banki lækkaði næstmínst á eftir Brimi, eða um 5%, en Íslandsbanki um 6,1%. Kvika banki skar sig nokkuð frá hinum bönkunum tveimur með 14,1% lækkun. Fasteignafélögin Reitir og Reginn voru hlið við hlið en lækkun þeirra lá á bilinu 9,5-9,9%. Þriðja fasteignafélagið, Eik, hafði nokkra sérstöðu með 14,5% lækkun. Alls lækkuðu 9 félög um minna en 10% en 11 félög lækkuðu meira en 10%.


Brim hækkað mest síðustu 12 mánuði

Sé horft til 12 mánaða ávöxtunar einstakra félaga hefur Eimskip aftur tekið efsta sætið af Brim en Eimskip hefur hækkað um rúm 69% á síðustu 12 mánuðum. Brim kemur síðan í öðru sæti með 62% og þar á eftir kemur Skeljungur með 57%. Stærsta félagið í Kauphöllinni, Marel, er eitt af þremur félögum sem hafa lækkað í verði á síðustu 12 mánuðum, en lækkunin hjá Marel nemur tæpum þriðjung. Iceland Seafood hefur lækkað mest, eða um rúmlega 46%. Þar á eftir kemur Kvika með rúmlega 10% lækkun. Icelandair Group er eina

Ávöxtun hlutabréfa í maí



12 mánaða ávöxtun hlutabréfa





félagið sem stendur í stað. Ágætis hækkunir hafa verið hjá fasteignafélögum en þau hafa hækkað á bilinu 32,8-37,4%. Mesta hækkunin er hjá Eik en einungis 3 félög á aðallistanum hafa hækkað meira. Íslandsbanki hefur hækkað um 7,8% og Arion banki hefur hækkað um 20,4% sem er mesta hækkunin hjá bönkunum þremur. Hér verður samt að líta til þess að Íslandsbanki er ekki búinn að vera skráður á hlutabréfamarkað í 12 mánuði.

Íslenski markaðurinn lækkaði mest í maí

Íslenski markaðurinn lækkaði um 9,9% í maí samkvæmt heildarvísitölu OMX.¹ Þetta var langmesta lækkunin á hlutabréfamörkuðum helstu viðskiptalandanna. Lækkunin var heldur ekki í samræmi við stemninguna á öðrum mörkuðum enda voru 6 markaðir sem hækkuðu eða stóðu í stað en 5 sem lækkuðu. Mesta hækkunin var í Noregi, eða 5,8%. Þar á eftir kom Kína með 4,6% og Japan með 0,7%. Hvað lækkunir varðar voru þeir þrjú markaðir sem lækkuðu mest á eftir Íslandi allt markaðir Norðurlanda utan Noregs. Næstmesta lækkunin á eftir Íslandi var í Danmörku en danski markaðurinn lækkaði um 4,1%. Sænski markaðurinn lækkaði um 1,5% og sá finnski um 0,9%.


Markaðir hækkuðu aftur í maí en ekki sá íslenski

Það fór skjálfti um marga hlutabréfamarkaði í byrjun maí þegar seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði stýrivexti um 0,5 prósentustig. Eftir það kom töluvert kröftug lækkun sem skilaði sér almennt yfir hlutabréfamarkaði viðskiptalandanna. Almennt séð var verðið í lágmarki í kringum 9. maí en hækkaði síðan í öllum viðskiptalöndunum það sem eftir lifði mánaðarins. Meðalhækkunin í viðskiptalöndunum lá á bilinu 3,5-10,7% milli 9. maí og loka mánaðarins. Hér á landi hélt markaðurinn áfram að lækka og var verðið 2,9% lægra í lok mánaðarins en 9. maí.

Hækkað mest í Noregi síðustu 12 mánuði


Ef við berum Ísland saman við helstu viðskiptalöndin er Ísland ekki lengur það land sem hefur hækkað mest. Reyndar hafa markaðir þriggja landa hækkað meira en það eru Noregur, Kanada og Bretland. Langmesta hækkunin hefur verið í Noregi, eða tæplega fjórðungur. Markaðirnir í Svíþjóð,

Ávöxtun hlutabréfamarkaða í maí



Heimild: Macrobond

12 mánaða ávöxtun hlutabréfamarkaða



Heimild: Macrobond

¹ Iceland All-share Total Return (OMXGI)



Finnlandi og Þýskalandi hafa lækkað á bilinu 8,7-10,5%

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.